

9. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Flúða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 110,00 í hvert skipti.

*Iðnaðarráðuneytið, 4. nóvember 1982.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða, Rafveitu Siglufjarðar, Rafveitu Reyðarfjarðar, Hitaveitu Seyðisfjarðar og Hitaveitu Hafnarhrepps.**

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 og 10. gr. laga nr. 66, 31. maí 1976, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða frá og með 5. nóvember 1982:

**Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 534, 18. ágúst 1982:**

Allir taxtar, að undanskildum töxtum A5, c1 og c2 hækki um ..... 25%

Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að dregið verði úr mismun á upphitunarkostnaði húsnæðis í landinu og auglýsingu þess efnis í Stjórnartíðindum nr. 565, 29. september 1982, hækka eftirtaldir taxtar sem hér segir:

|                                                          |     |
|----------------------------------------------------------|-----|
| Taxti A5. Markmæling. Orkugjald hækki um .....           | 20% |
| Taxti c1. Hitun íbúðarhúshæðis. Orkugjald hækki um ..... | 17% |
| Taxti c2. Hitun íbúðarhúsnæðis. Orkugjald hækki um ..... | 17% |

**Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku, nr. 519, 18. ágúst 1982.**

Allir taxtar, að undanskildum töxtum B. Heimili. Markmæling og D. Húshitun. Íbúðarhúsnæði, taxtar 4.1, 4.2, 4.3, 4.4 og 4.6 hækki um ..... 25%

Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að dregið verði úr mismun á upphitunarkostnaði húsnæðis í landinu og auglýsingu þess efnis í Stjórnartíðindum nr. 565, 29. september 1982 hækka eftirtaldir liðir sem hér segir:

|                                                                            |     |
|----------------------------------------------------------------------------|-----|
| B. Heimili. Markmæling, liður 2.2 Orkugjald af allir notkun hækki um ..... | 20% |
| D. Húshitun. Íbúðarhúsnæði. Taxtar 4.1, 4.2, 4.3 og 4.4 hækki um .....     | 17% |
| Taxti 4.6 hækki um .....                                                   | 17% |

**Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur, nr. 496, 18. ágúst 1982.**

Allir taxtar, að undanskildu gjaldi samkv. 1. mgr. 3. gr. fyrir afnot heita vatnsins fyrir íbúðarhúsnæði, hækki um ..... 25%

Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að dregið verði úr mismun á upphitunarkostnaði húsnæðis í landinu og auglýsingu þess efnis í Stjórnartíðindum

um nr. 565, 29. september 1982 hækkar gjald samkv. 1. mgr. 3. gr. fyrir afnot heita vatnsins fyrir íbúðarhúsnæði um ..... 19%

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafveitu Siglufjarðar og Rafveitu Reyðarfjarðar frá og með 5. nóvember 1982:

**Gjaldskrá Rafveitu Siglufjarðar, nr. 521, 18. ágúst 1982.**

Allir taxtar, að undanskildum taxta 4.1, orka til húshitunar, hækki um ..... 25%

Í samræmingu við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að dregið verði úr msimun á upphitunarkostnaði húsnæðis í landinu og auglýsingu þess efnis í Stjórnartíðind-um nr. 565, 29. september 1982, hækkar taxti 4.1, orka til húshitunar, um ... 19%

**Gjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar, nr. 524, 18. ágúst 1982.**

Allir taxtar, að undanskildum taxta 4.2, orkugjald og 4.3, orkugjald (næturhitun), hækki um ..... 25%

Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að dregið verði úr mismun á upphitunarkostnaði húsnæðis í landinu og auglýsingu þess efnis í Stjórnartíðind-um nr. 565, 29. september 1982, hækkar taxti 4.2, orkugjald um ..... 17%  
og taxti 4.3, orkugjald (næturhitun) um ..... 18%

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Seyðisfjarðar og Hitaveitu Hafnarhrepps frá og með 5. nóvember 1982:

**Gjaldskrá Hitaveitu Seyðisfjarðar, nr. 507, 18. ágúst 1982.**

Allir taxtar að undanskildum töxtum í 3. gr., hækki um ..... 25%

Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að dregið verði úr mismun á upphitunarkostnaði húsnæðis í landinu og auglýsingu þess efnis í Stjórnartíðind-um nr. 565, 29. sept. 1982, hækka taxtar samkv. 3. gr. um ..... 18,5%

**Gjaldskrá Hitaveitu Hafnarhrepps, nr. 508, 18. ágúst 1982.**

Allir taxtar að undanskildum töxtum í 3. gr., hækki um ..... 25%

Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að dregið verði úr mismun á upphitunarkostnaði húsnæðis í landinu og auglýsingu þess efnis í Stjórnartíðind-um nr. 565, 29. september 1982, hækka taxtar samkvæmt 3. gr. um ..... 18,5%

*Iðnaðarráðuneytið, 4. nóvember 1982.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*